



## Fundargerð

1316. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
21. apríl 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Skipulagsbreyting á velferðarsviði (2021020808)

Guðmundur Gunnarsson breytingastjóri velferðarsviðs og Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mættu á fundinn og kynntu fyrirhuguð drög að skipulagsbreytingum á velferðarsviði Reykjaneshæjar.

### 2. Aðstaða fyrir borðtennisæfingar (2021040093)

Hafþór B. Birgisson íþróttá- og tómsfundafulltrúi mætti á fundinn. Lagt fram bréf frá formanni Íþróttabandalags Reykjaneshæjar.

Bæjarráð vísar erindinu til íþróttá- og tómsfundaráðs til frekari skoðunar.

### 3. Bygging nýs hjúkrunarheimilis (2019050812)

Tekin fyrir drög að samkomulagi um breytingar á samningi vegna tafa sem orðið hafa á framkvæmdum um byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjaneshæ.

Bæjarráð samþykkir framkomnar breytingar.

### 4. Persónuverndarstefnur skóla Reykjaneshæjar (2021040437)

Drög að persónuverndarstefnum lagðar fram.

### 5. Fundargerðir Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 12. febrúar, 12. mars og 9. apríl 2021 (2021010464)

Fundargerðir lagðar fram.

### 6. Fundargerð stjórnar Reykjaneshæjar jarðvangs 19. mars 2021 (2021010666)

Fundargerð lögð fram.

### 7. Fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 13. apríl 2021 (2021030224)



Fundargerð lögð fram.

#### 8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)

- a. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1184.html>
- b. Tillaga til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1186.html>
- c. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1187.html>
- d. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1188.html>
- e. Frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana., 712. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1191.html>
- f. Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1192.html>
- g. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), 715. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1194.html>
- h. Frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála), 716. mál  
<https://www.althingi.is/altext/151/s/1195.html>

Umsagnarmál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35